

Sp. 157. Tillaga til þingsályktunar [152. mál]

um rannsókn á hugsanlegum tengslum sóllampanotkunar og húðkrabbameins.

Flm.: Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa þegar í stað nefnd sérfræðinga til að kanna hvort tengsl séu milli sóllampanotkunar og húðkrabbameins. Nefndin skal hraða störfum svo sem unnt er.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Notkun sóllampa hefur aukist gífurlega á fáeinum árum og má á stundum lesa í dagblöðum auglýsingar frá 10—12 fyrirtækjum daglega sem bjóða brúnan hörundslit í sóllömpum.

Í frétt í Morgunblaðinu 8. nóvember s. l. segir á þessa leið:

Á þessu ári hefur orðið gífurleg fjölgun tilfella af húðkrabbameini hérlendis. Um er að ræða tegund húðæxla sem kölluð eru illkynja litaræxli. Í langflestum tilvikum er um að ræða ungar konur sem hafa stundað sóllampa.

„Við hljótum að spyrja hvað sé hér um að vera því að á þessu ári hefur fjölgun húðkrabbameinstilfella verið slík að við höfum haft til meðferðar á lýtalækningadeild Landspítalans sama fjölda tilfella og á fjórum til fimm árum samanlagt fram að þessu,“ sagði Árni Björnsson skurðlæknir á lýtalækningadeild Landspítalans í samtali við Mbl. í gær.

„Þegar við bætist að í flestum tilfellum er um að ræða ungar konur sem hafa notað sóllampa fer ekki hjá því að mann gruni að þarna á milli sé orsakasamband eins og reyndar hefur verið bent á áður bæði hér á landi og annars staðar,“ sagði Árni.

„Það hlýtur að vera svo enda veit ég ekki hvort þessi mikla sóllampanotkun hér á landi á sér nokkurs staðar hliðstæðu og þessarar skyndilegu aukningar á húðkrabbameinstilfellum hefur ekki orðið vart á hinum Norðurlöndunum.

Hins vegar er erfitt að sanna að einstök tilfelli af þeirri tegund húðkrabbameins, sem hér um ræðir, séu tilkomin vegna notkunar sólarlampa, frekar en hægt er að sanna að krabbamein í lungum stafi af reykingum þó að orsakasambandið þar á milli sé svo greinilegt að engum detti í hug að neita því að það sé til staðar.“

Árni kvað lækna á lýtalækningadeild Landspítalans hafa sent landlæknisembættinu bréf um málið og væri ákvarðanataka um aðgerðir því nú í höndum þess.

„Ef orsakasambengið milli notkunar sóllampanna og illkynja húðæxla reynist vera til staðar,“ sagði Árni Björnsson að lokum, „þá eigum við eftir að sjá gífurlega aukningu á þessum tilfellum á næstunni, til viðbótar því sem þegar er orðið.“

Flutningsmenn þessarar tillögu telja að hér sé alvarlegt mál á ferð og einskis megi láta ófreistað til að kanna hvort sá grunur lækna, að samband sé milli sóllampanotkunar og húðkrabbameins, sé á rökum reistur. Því er þessi tillaga flutt.